



Fundur Græns teymis Miðvikudaginn . 23. janúar 2019 kl. 8:10

Fundarmenn: Ásta Þórisdóttir, Davíð Rúnar Gunnarsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir, María Maack og Lína Björg Tryggvadóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Nýr verkefnastjóri -Verið er að skipta um verkefnastjóra og mun María Maack taka við verkefninu. María mun halda áfram að vera með fundi með Grænu teymi en Lína fer í önnur verkefni Lína Björg mun þó vera áfram til aðstoðar ef þarf. María er með master í umhverfisfræðum og mun því vera vel inn í málum..
2. María kynnti áform sín um að koma nýjum markmiðum inn í verkefnið. Hún tengir það Loftslagsmarkmiðum Íslands og mun hún fara nánar í að kynna það síðar. Einnig sagði hún að hún vildi leggja áherslu á að farið verði í ræktun og leitað til sveitarfélaga um að leggja til jarðskikka þar almennir íbúar geta ræktað grænmeti.
3. Lína Björg kynnti hvar Græn skref eru stödd og það væru skráðar um 27 stofnanir í verkefnið og úttekt ætti að fara fram að vori 2019.
4. Plastpokalausir Vestfirðir – fjallað var um verkið og velt upp hvernig það væri hægt að gera það sýnilegra og endurvekja það. Hugmyndir að því að hafa t.d plastlausan dag, kynningu á þar sem sýnd væri mynd um plast og áhrif þess á náttúruna. Einhver sem myndi koma og fjalla um skaðsemi og lausnir. María ætlaði að taka þessar hugmyndir áfram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.